

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Tillaga um að Ágúst Jakobsson stýri fundi og Aníta Jónsdóttir riti fundargerð. Tillagan samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar

Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi 1. júní 2022, en hana skipa:

Aníta Jónsdóttir, Ágúst Jakobsson, Helga Jónsdóttir, Jónína Hauksdóttir, Júlía Birgisdóttir.

Til vara voru kjörnar þær Sólrún Óskarsdóttir og Sólveig Ósk Guðmundsdóttir

Stjórnin skipti þannig með sér verkum:

Ágúst formaður

Aníta gjaldkeri

Jónína ritari

Helga og Júlía meðstjórnendur

Varamenn hafa einnig verið boðaðir á alla fundi og tekið þátt í stjórnarstörfum

Þrír formlegir og bókaðir fundir hafa verið haldnir, fleiri óformlegir og án þess að rituð hafi verið fundargerð.

Helstu verkefni hafa verið þessi:

- Samskipti við móðursamtökin
- Umsjón námskeiða en nokkur 2ja daga námskeið hafa verið haldin fyrir leik- og grunnskóla og eitt fyrir leiðtoga í skólum með Nadine Gaudin
- Umræðufundir á netinu – fjórir fjarfundir voru haldnir í vetur. Þeir voru misjafnlega vel sóttir en einn fundur skar sig úr þar sem góð mæting var.
- Fjármál og bókasala en Handbók fyrir kennara ungra barna var þýdd og gefin út og hefur selst vel.
- Samskipti við skóla
- Heimasíða o.fl.

113 félagsmenn eru skráðir þessa stundina í samtökin en er tala félagsmanna mjög breytileg og helst nokkuð í hendur við námskeiðshald.

Nýir skólar eru enn að bætast í hópinn og er fjöldi skólanna núna:

- 21 leikskóli
- 21 grunnskóli
- 3 samreknir skólar

Samtals 45 skólar

Umræður um skýrsluna.

3. Reikningar lagðir fram til samþykktar

Aníta og Ágúst fara yfir rekstrarreikning og efnahagsreikning ársins 2022
Ársreikningar bornir upp til samþykktar. Samþykktir.

4. Lagabreytingar

Engar tillögur hafa borist um lagabreytingar. Ágúst rifjar upp tilgang félagsins:

- **2. gr.**

Tilgangur félagsins er að vera vettvangur áhugafólks um uppeldisstefnuna Jákvæðan aga (e. Positive Discipline) og styðja við þá einstaklinga og stofnanir sem tileinka sér aðferðir og gildi Jákvæðs aga. Félagið hefur tengsl við samtök um Jákvæðan aga í Bandaríkjunum (Positive Discipline Association).

- **3. gr.**

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að halda úti heimasíðu um Jákvæðan aga, með því að efna til fræðslufunda, ráðstefna og námskeiða um Jákvæðan aga og með því að stuðla að þýðingu og útgáfu/dreifingu efnis sem snertir Jákvæðan aga.

5. Ákvörðun um félagsgjöld

Móðursamtökin (Positive Discipline Association) eru farin að gera kröfu um að félagsgjöld séu samræmd sem þýðir að við þurfum að hækka þau nokkuð (lækkuðum þau reyndar síðast úr 5000 í 3000 kr.)

Tillaga stjórnar:

- a. Almennt gjald 6.000 kr.
- b. Leiðbeinendur (Certified Positive Discipline Trainer) 25.000 kr.

Tillagan borin upp og samþykkt.

6. Kosning stjórnar

Framboð til stjórnar eru eftirfarandi:

- Ágúst Jakobsson
- Aníta Jónsdóttir
- Helga Jónsdóttir
- Ástrós Rún Sigurðardóttir
- Júlía Birgisdóttir

Varamenn:

- Sólrún Óskarsdóttir
- Sólveig Ósk Guðmundsdóttir

Fleiri framboð komu ekki fram á fundinum og stjórnin kosin með öllum greiddum atkvæðum.

7. Önnur mál

Þýðing grunnskólabókarinnar. Ágúst og Aníta munu ljúka við þýðingar fyrir haustið. Einnig verður lögð áhersla á að þýða veggspjöld, spilastokka og bæta við myndbönd á heimasíðuna.

Skipulag umræðufunda næsta vetrar. Hafa þá skipulega milli kl. 15-16 á daginn þannig að skólafólk geti nýtt sér þá betur.

Rætt um að auka efni heimasíðunnar, jafnvel að setja inn annað efni sem rímar við Jákvæðan aga.

Námskeiðahald mun halda áfram og komið verður til móts við ólíka hópa, t.d. foreldra.

Rætt um að skipa nefndir sem gæti tekið að sér ólík verkefni fyrir félagið.

Ástrós Rún segir frá innleiðingu JA í Stekkjarskóla, segir m.a. frá heimsókn í Bláskógarskóla og dyggðaspjöldum sem þar eru notuð.

Spurt er eftir lykilorði á heimasíðuna.

Ágúst leggur áherslu á að efla þurfi starf félagsins frá og með hausti.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.
Aníta Jónsdóttir, fundarritari.